



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



Mannréttindi

Kolbrún Birna Árdal

Lögfræðingur

Mannréttindaskrifstofu Íslands



Inngangur Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna

- *“Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.”*

“Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt, hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir, er ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið yfir lýst, að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld, þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.”

“Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþirfaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.”



Yfirlit

- Saga mannréttinda.
- Mannréttindahugtakið.
- Alþjóðleg eftirlitskerfi.
- Mannréttindasamningar.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands.
- Kompás.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Saga mannréttinda



Saga mannréttinda

- Hugtakið á sér langa sögu.
- Á sér ævafornar rætur í hugmyndum og vangaveltum spekinga víða um heim um eðli manns og samfélags sem og í öllum helstu trúarbrögðum.
- Aukinn skilningur á hugtakinu „frelsi“ upp úr miðöldum.
- Franska mannréttindayfirlýsingin og sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna í kringum 1780



Seinni heimsstyrjöldin

- Ógnvekjandi mannréttindabrot á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.
- Gyðingar og aðrir „óæskilegir“ einstaklingar voru pyndaðir, misnotaðir og myrtir í milljónatali.
- Hörmungar sem viðgengust óáreitt.



Sameinuðu þjóðirnar

- Hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar urðu kveikjan að stofnun Sameinuðu þjóðanna (Sp).
- Sáttmáli Sp var undirritaður í San Francisco árið 1945.
- Lagði grunn að því mannréttindastarfi sem stofnunin hefur unnið allt til dagsins í dag.
- Þörf á að vernda og viðhalda virðingu fyrir mannréttindum.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindahugtakið – hvað eru mannréttindi



Hvað eru mannréttindi?

- Mannleg reisin.
- Réttindi sem einstaklingar hafa á þeim grundvelli einum að þeir eru menn.
- Mannréttindi eru meðfædd, óafsalanleg, ódeilanleg, háð innbyrðis og samtvinnuð.
- Þau eru algild.
- Skyldur vegna mannréttinda falla á herðar stjórnvalda en ekki einstaklinga.
- Vernd manna gegn ofríki stjórnvalda.
- Lóðrétt áhrif vs. lárétt áhrif.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindayfirlýsing Sp

- Samþykkt á allsherjarþingi Sp 10. desember 1948.
- Ítarleg og má segja tæmandi talning.
- Viljayfirlýsing, ekki bindandi.
- Málið vandaðist þegar gera átti bindandi mannréttindasáttmála.
- Heimurinn skiptist í tvennt!



Tveir flokkar mannréttinda

- Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, 1. til 21. gr. Mannréttindayfirlýsingarinnar.
- Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 22. til 28. gr.
- Hafa í huga að þessi tvískipting er umdeild og alls ekki eins klippt og skorin og virðist í fyrstu. Mun meiri skörun á milli réttinda en þessi skipting gefur til kynna.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Borgaraleg og stjórnmálaleg vs. efnahagsleg, félagsleg og menningarl.

- Neikvæð vs. jákvæð
- Ódýr vs. dýr
- Ljós vs. óljós
- Taka gildi strax vs. þarf að koma á í skrefum
- Hægt að fara með fyrir dómstóla vs. ekki hægt
- Frelsi einstaklingsins vs. jafnrétti
- Kapítalísk vs. sósíalísk
- **Ath.** Mjög umdeilt.



Kynslóðir mannréttinda?

- Borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hafa verið flokkuð til fyrstu kynslóðar mannréttinda → réttur til frelsis.
- Efnahagsleg og félagsleg réttindi hafa verið flokkuð til annarrar kynslóðar mannréttinda → réttur til jöfnuðar/mannsæmandi lífs.
- Þriðja kynslóð mannréttinda → sameiginleg réttindi fólks/samfélaga, s.s. rétturinn til efnahagslegrar og félagslegrar þróunar, friðar, heilsusamlegs umhverfis, auðlinda, til samskipta, til mannúðaraðstoðar o.fl.



Þriðju kynslóðar mannréttindi

- Umdeild.
- Geta sameiginleg réttindi flokkast sem mannréttindi?
- Ríki geta hugsanlega réttlætt brot á öðrum mannréttindum með því að vísa til þessara réttinda.
- Hver ber ábyrgð á að þessi réttindi séu tryggð?



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Hið alþjóðlega mannréttindakerfi



Sameinuðu þjóðirnar

- Eitt meginmarkmiðaða Sameinuðu þjóðanna er að „*styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða*“, sbr. 1. gr. yfirlýsingarinnar.



Alþjóðasamningar

- Gerð alþjóðasamninga á sér oft langan aðdraganda.
- Yfirlýsingar eru oft undanfarar bindandi samninga.
- Bindandi alþjóðasamningur.
- Undirskrift.
- Fullgilding alþjóðasamninga.
- Fyrirvarar.



Mannréttindasamningar Sp

- alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórn mála réttindi, 1966 (e. ICCPR);
- alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 1966 (e. ICESCR);
- alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis , 1965 (e. ICERD);
- samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, 1979 (e. CEDAW);
- samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, 1984 (e. CAT)
- samningur Sp um réttindi barnsins , barnasáttmálinn, 1989 (e. CRC)
- samningur Sp um réttindi fólks með fötlun (e. CRPD) – Ísland undirritað en ekki fullgilt .
- samningur Sp um réttarstöðu farandverkafólks og fjölskyldumeðlima þeirra, 1990 (e. CPRMF)- ekki undirritaður af Íslandi.
- alþjóðasamningur gegn þvinguðum mannshvörfum, 2006 – ekki undirritaður.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Hlutverk eftirlitsnefnda á vegum mannréttindasamninga Sp

Treaty bodies: eftirlitsnefndir/samningsnefndir
Sp, t.d. Mannréttindanefndin: fjórbætt
hlutverk:

1. Ríkjaskýrslur.

- Mikilvægi svokallaðra „skuggaskýrslna” mannréttindasamtaka – ljósi varpað á raunverulega stöðu mannréttindamála.
- Almennar athugasemdir (e. general comments).



Hlutverk eftirlitsnefnda

2. Kæfur einstaklinga á hendur eigin ríkja.

- Ekki allir samningar sem heimila slíkt. Ríki þurfa að samþykkja slíka kæruleið sérstaklega.
- Hver getur kært?
- Samningar sem taka við kærum frá einstaklingum:
 - Samningur um afnám alls kynþáttamisréttis, 14. gr. samningsins.
 - Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, viðauki.
 - Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum, viðauki.
 - Samningur gegn pyndingum, 22. gr. samningsins.
 - Samningur um réttindi fólks með fötlun, viðauki.
 - Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, í viðauka sem ekki hefur enn tekið gildi.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Hlutverk eftirlitsnefnda

3. Kærur ríkja á hendur öðrum ríkjum.
 - Ekki allir samningar heimila slíka kæruleið.
4. Eftirgrennslan (e. Inquiry procedure).



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindaráð Sp

- Human Rights Council.
- Fyrsta verkefnið að setja saman mannréttindalöggjöfina.
- Rannsóknir á meintum meiriháttar mannréttindabrotum.
- Gagnrýni á Mannréttindaráðið.
- Nýtt Mannréttindaráð þann 15. mars 2006.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Hlutverk Mannréttindaráðsins

- Að fjalla um síendurtekin og stórfelld mannréttindabrot.
- Tæki Mannréttindaráðsins:
 - 1503- ferlið.
 - Sérlegir skýrslugjafar.
 - Vinnuhópar.
 - Universal Periodic Review.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindafulltrúi Sp

- Æðsta embætti mannréttindakerfis Sp.
- Leiðir mannréttindastarf Sp.
- Bregst við stórfelldum mannréttindabrotum.
- Vinnur að því að koma í veg fyrir mannréttindabrot.
- Stuðlar að vitundarvakningu um mannréttindi.
- Navanethem Pillay.





Evrópuráðið

- Stofnað 5. maí 1949.
- Verndun mannréttinda, lýðræðis og laga sem og að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjunum.
- Samræmi á milli Evrópuríkjanna á grundvelli félagslegra og lagalegra framkvæmda.
- Sameiginleg evrópsk sjálfsmynd sem átti að byggjast á sameiginlegum evrópskum gildum.
- Skylda er að fullgilda Mannréttindasáttmála Evrópu.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE)

- Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
- Tók gildi 1953.
- Mikilvægasti samningurinn á vegum Evrópuráðsins.
- Tilgangur hans var að koma í veg fyrir frekari deilur og átök á milli Evrópuríkja.
- Borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.
- Lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994.
- Mannréttindadómstóll Evrópu.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindadómstóll Evrópu

- Meginstyrkur MSE liggur í dómstólnum.
- Einstaklingar geta leitað til dómstólsins.
- Tryggir að aðildarríki fari eftir MSE.
- Rannsakar kærur frá einstaklingum, samtökum eða hópi einstaklinga annars vegar eða ríkjum hins vegar.
- Dómurinn kannar hvort kæran sé tæk til meðferðar.
- Ef ekki tæk = frávísun.
- Ef tæk = dómur.
- Dómar ekki bindandi fyrir Ísland.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Félagsmálasáttmáli Evrópu

- MSE kveður einungis á um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.
- Félagsmálasáttmáli Evrópu kveður á um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
- Réttur til húsnæðis, heilsu, menntunar, vinnu, félagslegrar og lagalegrar verndar, frjálsrar farar fólks og bann við mismunun.
- Samþykktur 1961. Endurskoðuð útgáfa 1996.
- Réttindi sem eiga að tryggja viðundandi lífskjör manna í Evrópu.
- Undirritaður af 47 aðildarríkjum og 43 hafa fullgilt hann.
- Ísland hefur ekki fullgilt endurskoðaða samninginn en undirritaði hann 1998.



Evrópusamningur gegn pyndingum

- Evrópusamningur um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 1989.
- Evrópunefnd = eftirlitskerfi.
- Nefndin fer í eftirlitsferðir til samningsaðila og kannar meðferð einstaklinga sem sviptir hafa verið frelsi.
- Vernd gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
- Ekki dómsvald eða úrskurðarvald.
- Skilar tilmælum til samningsaðila.
- Ísland hefur fullgilt samninginn.



Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins

- Hlutverk Mannréttindafulltrúans:
 - Að hlúa að virðingu og virkni mannréttinda,
 - Að gefa álit sitt á mögulegum annmörkum í lögum sem gætu haft slæmar afleiðingar á mannréttindi,
 - Að veita aðildarríkjum aðstoð við að koma gildum og stöðlum Evrópuráðsins á sviði mannréttinda í framkvæmd,
 - Að láta í té ráðleggingar um verndun mannréttinda,
 - Að efla menntun á sviði mannréttinda og auka skilning og meðvitund á mikilvægi þeirra,
 - Að kynna mannréttindakerfi ríkja.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Mannréttindaskrifstofa Íslands

- Stofnuð í Almannagjá 17. júní 1994.
- Að stofnuninni stóðu frjáls félagsamtök og stofnanir
- Regnhlífarsamtök
- Óháð og vinnur að framgangi mannréttinda með því að:
 - stuðla að rannsóknum og fræðslu
 - efla umræðu um mannréttindi á Íslandi
 - herferðir og átaksverkefni
 - útgáfa um mannréttindi
 - fyrirspurnir og formleg erindi
 - kemur fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi
 - eftirlitshlutverk -umsagnir um lagafrumvörp og skýrslur til alþjóðlegra eftirlitsstofnana.



Helstu verkefni

- Heimasíða og vefsetur um mannréttindi, bókasafnið
- Útgáfa, t.d. *Réttarstaða aldraðra* ofl.
- Rannsóknir
- Ritröð Mannréttindaskrifstofunnar
- Ráðstefnur og málfundir, um bann við mismunun, samning um stöðu fólks með fötlun
- Kennsluefni um mannréttindi, HREP, Against all Odds
- 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi og aðgerðaáætlun gegn kynbundu ofbeldi á Íslandi
- Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti
- ESB vekefnið PROGRESS
- Fyrirspurnir og erindi einstaklinga og annarra
- Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur
- Skýrslur til alþjóðlegra eftirlitstofnana
- Alþjóðlegt samstarf, norrænt, Sp, Evrópuráð, AHRI, Norðurlandaráð



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Kompás



Hvers vegna mannréttindafræðsla?

- Hvað er mannréttindafræðsla?

„ ... nám og verkefni sem miða að því að skapa jafna virðingu fyrir öllum mönnum, ásamt annars konar námi, svo sem því sem stuðlar að fræðslu um mismunandi menningu og þátttöku og eflingu minnihlutahópa.“ Opinber skilgreining í áætlun Evrópuráðsins um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk.

- Markmið mannréttindafræðslu:

Að skapa menningu þar sem skilningur ríkir á mannréttindum og þar sem þau njóta verndar og virðingar



Hvað er mannréttindafræðsla?

- Fræðsla sem gengur út á persónulegar og félagslegar breytingar.
- Að efla mannréttindi í samfélaginu og standa vörð um þau.
- Mikilvægt að fræðast um mannréttindi.
- Þarf þó mun dýpri skilning.
- Kennsla snýst um að skapa virðingu fyrir mannréttindum.
- Mannréttindamenning.



Mannréttindamenning

- Að efla virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi,
- að efla sjálfsvirðingu einstaklingsins og virðingu hans fyrir öðrum: gildi mannglegrar reisnar,
- að stuðla að viðhorfum og hegðun sem skapar virðingu fyrir réttindum annarra,
- að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna og að konur hafi jöfn tækifæri og karlar á öllum sviðum,
- að efla virðingu, skilning og viðurkenningu á menningarlegri fjölbreytni, einkum að því er varðar mismunandi þjóðerni, þjóðernisminnihluta, trúarhópa, málsvæði og hvers kyns aðra minnihlutahópa og samfélög,
- að hvetja fólk til þess að taka meiri þátt í samfélaginu,
- að stuðla að lýðræði, framförum, félagslegu réttlæti, almennum samlyndi, samstöðu og vináttu meðal fólks og þjóða,
- að styrkja starf alþjóðastofnana sem miðar að því að skapa friðarmenningu sem grundvallast á almennum mannréttindum og umburðarlyndi og skilningi milli þjóða, án ofbeldis.



Markmið mannréttindafræðslu

- Að efla vitund um mannréttindamál og auka skilning á þeim svo að fólk átti sig á því þegar mannréttindi eru brotin.
- Að byggja upp hæfni og kunnáttu sem er nauðsynleg til þess að vernda mannréttindi.
- Að skapa viðhorf þar sem virðing er borin fyrir mannréttindum þannig að fólk brjóti ekki af ásetningi á réttindum annarra.